

Föstudaginn 27. nóvember 1998.

Nr. 10/1998.

**Alþýðusamband Íslands f.h.
Verkamannasambands Íslands vegna
Verkavennafélagsins Framtíðarinnar**

(Jóhann Halldórsson hdl.)

gegn

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Einar Karl Hallvarðsson hrl.)

Kjarasamningur. Yfirvinna.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Guðný Björnsdóttir, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson og Kristján Torfason.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. nóvember s.l., var höfðað með stefnu áritaðri ódagsett um birtingu og þingfestri 21. sept. 1998.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkavennafélagsins Framtíðarinnar, kt. 560169-5319, Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, kt. 550169-2829, Arnarhváli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

Að viðurkennt verði að stefnda beri að greiða ræstitæknum sem starfa í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ yfirvinnulaun er nemi 1.0385% af umsömdum mánaðarlaunum eins og þau eru birt í sérkjarasamningi aðila frá 23.09.1997.

Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað auk álags sem nemur virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Málsatvik.

Hinn 23. september 1997 var gerður sérkjarasamningur á milli Verkavennafélagsins Framtíðarinnar og fjármálaráðherra um kjör ræstitækna er starfa við ræstingu í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ.

Samkvæmt 2. tl. samningsins fylgja mánaðarlaun starfsmanns í fullu starfi launaliðum er fram koma í 2. gr. (réttilega grein 1.1.1.) í aðalkjarasamningi Verkamannasambands Íslands og fjármálaráð-

herra frá 25. mars 1997, að viðbættu 15% álagi á dagvinnu eins og það er orðað í lokamálslið 2. tl. Þannig eru föst mánaðarlaun ræstítækna reiknuð út með hinu umsamda 15% álagi og birt í sérkjarasamningi aðila, sbr. 2. tl.

Ekki er fjallað sérstaklega um greiðslur vegna yfirvinnu í þessum samningi aðila og í 3. tl. segir að um önnur ákvæði samnings aðila gildi hinn almenni kjarasamningur fjármálaráðherra og VMSÍ frá 25. mars 1997. Í grein 1.5. í hinum almenna kjarasamningi fjármálaráðherra og VMSÍ er fjallað um yfirvinnutímakaup. Segir í grein 1.5.1. að yfirvinna skuli greiddast með tímakaupi. Þá kemur fram að tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki sé 1.0385% af mánaðarlaunum starfsmanns.

Frá gildistöku sérkjarasamningsins hefur stefndi reiknað út og greitt starfsmönnum sínum yfirvinnulaun miðað við grunnfjárhæðir aðalkjarasamnings fjármálaráðherra og VMSÍ frá 25. mars 1997. Stefndandi telur launagreiðslur vegna yfirvinnu ræstítækna þannig hafa orðið 15% lægri en gert sé ráð fyrir í sérkjarasamningi aðila.

Eftir umkvartanir starfandi ræstítækna í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ ritaði stefndandi, Verkakvinnafélagið Framtíðin, launanefnd ríkisins f.h. stefnanda bréf þann 20. nóvember 1997 þar sem krafist var leiðréttingar á framangreindu. Að sögn stefnanda barst ekkert svar við þessu erindi stefnanda og var krafa félagsins ítrekuð í bréfi dags. 1. desember 1998. Svarbréf frá fjármálaráðuneytinu barst stefnanda þann sama dag þar sem kröfu félagsins var alfarið hafnað.

Þann 3. júlí 1998 ritaði lögmaður stefnanda stefnda bréf þar sem krafist var leiðréttingar á umræddum kjörum ræstítækna. Svar barst þann 15. júlí 1998 þar sem tilkynnt var að ekki væri hægt að taka afstöðu til erindisins þar sem ákveðið hefði verið að halda fund um málið með samninganefnd ríkisins og VMSÍ þann 19. febrúar 1998. Að sögn stefnanda hefur sá fundur enn ekki verið haldinn og engar breytingar hafa verið gerðar á launakjörum ræstítækna.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefndandi byggir málsókn sína á því að stefnda sé skylt samkvæmt sérkjarasamningi aðila að greiða yfirvinnutímakaup í réttu hlutfalli við umsamin mánaðarlaun, sem birt eru í 2. tl. samnings aðila. Samkvæmt skýrum ákvæðum 3. tl. sama samnings fari um önnur atriði eftir aðalkjarasamningi stefnda og VMSÍ. Þar sé tiltekið með skýr-

um hætti í grein 1.5.1. að greiða beri yfirvinnukaup fyrir hvern unninn tíma er reiknist sem 1.0385% af mánaðarlaunum starfsmanna.

Eins og fram komi í bréfi stefnda, dags. 1. des. 1997, byggir stefndi sína túlkun á því að launatafla sú sem birt sé í sérkjarasamningi aðila geti ekki orðið grundvöllur útreiknings yfirvinnu, þar sem fram komi í lokamálslið 2. tl. þess samnings, að mánaðarlaun starfsmanna reiknist með 15% álagi á dagvinnu eins og þau eru tiltekin í aðalkjarasamningi stefnda og VMSÍ. Sé þannig byggt á því að hið umsamda álag geti aðeins reiknast á dagvinnulaun samkvæmt orðanna hljóðan.

Stefnandi mótmælir alfarið túlkun stefnda að þessu leyti og vísar til þess að launatafla sú sem birt sé í sérkjarasamningi aðila beri með sér umsamin mánaðarlaun. Það að grundvöllur útreiknings á þeim mánaðarlaunum sé sá að bæta beri 15% við dagvinnu, eins og þau eru umsamin í aðalkjarasamningi stefnda og VMSÍ, geti á engan hátt skert rétt félagsmanna stefnanda til þess að þiggja yfirvinnugreiðslur á grundvelli þeirrar reiknireglu sem tiltekin er í grein 1.5.1. í aðalkjarasamningi stefnda, sbr. 3. tl. sérkjarasamnings aðila. Engu breyti heldur að rétt er um álag ofan á dagvinnu í stað þess að fjallað sé um álag ofan á mánaðarlaun enda sé ekki fjallað um hugtakið dagvinnulaun í þessu sambandi í aðalkjarasamningi stefnda og VMSÍ heldur um mánaðarkaup.

Ástæða þess að fjárhæð mánaðarlauna félagsmanna stefnanda skv. sérkjarasamningi stefnanda og stefnda hafi verið ákvörðuð með þeim hætti sem tiltekin er í 2. tl. samningsins, þ.e. með 15% álagi á tilteknar fjárhæðir, hafi verið að tryggja að samningsbundnar launahækkningar þær sem samið var um í aðalkjarasamningi stefnda og VMSÍ kæmu einnig til framkvæmda í sérkjarasamningi stefnanda og stefnda. Megi í þessu sambandi nefna ákvæði í aðalkjarasamningi aðila, sbr. grein 1.1.1. þar sem tiltekið sé að tilgreind launatafla skuli hækka um 4% þann 1. mars 1997 og 3,65% 1. janúar 1999.

Samkvæmt ofangreindu byggir stefnandi á því að ákvæði greinar 1.5.1. í aðalkjarasamningi fjármálaráðherra og VMSÍ séu skýr að þessu leyti. Þar segi að tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki sé 1.0385% af mánaðarlaunum starfsmanns. Slík laun hafa ekki verið greidd félagsmönnum stefnanda. Hafi stefndi þannig brotið gegn kjarasamningi aðila enda ljóst að reikna beri yfirvinnu af umsömdum mánaðarlaunum.

Stefnandi byggir málsókn sína á meginreglum vinnuréttar, lögum nr. 80/1938, kjarasamningi aðila dags. 23. september 1997 og aðal-kjarasamningi stefnda og VMSÍ. Krafa um málskostnað styðst við ákvæði XXI. kafla laga nr. 91/1991 en krafa um álag er nemi virðis-aukaskatti við lög nr. 50/1988.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er aðdraganda að gerð samkomulags stefnda við Verkakvinnafélagið Framtíðina um kjör ræstitækna í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ frá 23. september 1997 lýst svo að í bókun með kjarasamningi fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Verkamannasambands Íslands (VMSÍ) vegna Verkakvinnafélagsins Framtíðarinnar og fleiri félaga, sem undirritaður var 25. mars 1997, hafi sammingsaðilar lýst því yfir að þeir væru sammála um að taka til skoðunar dagræstingar í skólum með það að markmiði að verða á eitt sáttir um það hvaða viðmið og framkvæmd ætti að vera ráðandi við framtíðarútfærslu þessa fyrirkomulags. Í bókuninni segi að aðilar skyldu ljúka þessari skoðun fyrir upphaf næsta skólaárs. Hafi þess verið nokkur dæmi að aðilar hefðu gert sérstakt samkomulag um dagræstingar í einstökum skólum sem hafi þótt reynast vel. Fyrsta samkomulagið af þessu tagi hafi verið gert haustið 1982 um ræstingar í Iðnskólanum í Reykjavík.

Kjarasamningurinn sjálfur frá 25. mars 1997 milli stefnda og VMSÍ sé nánast óbreyttur að því er vinnufyrirkomulag ræstingar-fólks varðar. Ákvæðisvinna sé enn meginreglan en aðilar séu, eins og fyrrnefnd bókun beri með sér, sammála um að stefna að dagræstingum í skólum. Ástæðurnar séu einkum tvær: Annars vegar að gera ræstingarnar sýnilegri í skólastarfinu og stuðla þannig að betri umgengni almennt. Hins vegar að einfalda fyrirkomulagið með því að miða vinnutímabilið við allt árið, en ekki eingöngu skólaárið og taka inn í vinnuna ýmis þau verk sem áður hafi verið greitt sérstaklega fyrir, svo sem aðalhreingerningar.

Þann 9. september 1997 hafi fjármálaráðherra og Verkakvinnafélagið Framsókn samið um dagræstingar í öllum framhaldsskólum í Reykjavík og Kópavogi. Samkvæmt samkomulaginu um störf ræstitækna beri þeim að halda viðkomandi skóla hreinum, sinna þeim þrifum sem yfirmenn telja nauðsynleg og vinna að aðalhreingerningu í húsum skólans. Í samkomulaginu um kjör ræstitækna komi meðal annars fram að þeir skuli starfa allt árið, vinnuskylda þeirra

sé þannig 40 stundir á viku, en 15% álag skuli greiða ofan á dagvinnu og þrenns konar óþægindaálag.

Hálfum mánuði síðar, eða 23. september 1997, hafi verið skrifað undir samskonar samninga fyrir Verkakvennafélagið Framtíðina og fjármálaráðherra um kjör og störf ræstítækna í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ. Umræddir samningar hafi að öllu leyti verið eins og þeir sem gerðir voru við Verkakvennafélagið Framsókn.

Í samkomulagi fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar um kjör ræstítækna í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ séu, eins og í samkomulagi ráðherra við Verkakvennafélagið Framsókn um kjör ræstítækna í skólum, fjögur ákvæði. Fyrstu tvö ákvæðin séu eiginlega efnisákvæði, sem fjalli annars vegar um vinnuskylduna og hins vegar um álag á dagvinnu og óþægindaálag. Síðasta ákvæðið fjalli um gildistíma samkomulagsins, en það þriðja vísi til kjarasamningsins varðandi önnur atriði og hljóði svo: „Um önnur ákvæði en hér að framan eru sérstaklega fram tekin, gildir hinn almenni kjarasamningur fjármálaráðherra og VMSÍ frá 25. maí 1997.“ Þar sem hvergi sé minnst á yfirvinnu í samkomulaginu hljóti að fara um hana alfarið eftir kjarasamningnum, þ.e. bæði prósentuna og mánaðarlaunin sem liggja útreikningum yfirvinnunnar til grundvallar. Þar segi í grein 1.5. að tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki sé 1.0385% af mánaðarlaunum starfsmanns, en um þau sé fjallað í grein 1.1. Með þessum hætti hafi aðrir sambærilegir samningar stefnda við ýmiss aðildarfélög VMSÍ um kjör ræstítækna í skólum verið túlkaðir hingað til án ágreinings. Í þessu sambandi sé einnig rétt að líta á að hjá öðrum starfsgreinum séu það eingöngu mánaðarlaunin sem lögð séu til grundvallar við útreikning á yfirvinnu en ekki aðrar fastar mánaðarlegar greiðslur, svo sem þóknanir eða einingar.

Mótmælt er sem rangri og ósannaðri þeirri fullyrðingu í stefnu að ástæða þess að fjárhæð mánaðarlauna félagsmanna stefnanda samkvæmt „sérkjarasamningi“ stefnanda og stefnda hafi verið ákvörðuð með þeim hætti sem tiltekinn er í 2. tl. samningsins, þ.e. að 15% álag á mánaðarlaun fyrir dagvinnu hafi verið til að tryggja að samningsbundnar launahækkanir, sem samið var um í „aðalkjarasamningi“ stefnanda við VMSÍ, kæmu einnig til framkvæmda í „sérkjarasamningi“ stefnanda og stefnda. Þessi fullyrðing standist ekki þar sem VMSÍ hafi farið með samningsumboð Verkakvennafélagsins

Framtíðarinnar í hinum almenna kjarasamningi frá 1997 við stefnda samkvæmt umboði, dags. 28. nóvember 1996. Öll ákvæði kjarasamningsins, þ.m.t. taxtahækkanir, taki þar með sjálfkrafa til þeirra sem vinna störf er Verkakvennafélagið Framtíðin hefur samningsumboð fyrir. Samkvæmt samkomulagi stefnda og Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar um kjör ræstitækna í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ frá 23. september 1997 eigi ræstitæknar þar því rétt á 15% álagi ofan á þann dagvinnutaxta sem kjarasamningur kveður á um á hverjum tíma. Samkomulagið frá 23. september 1997 breyti engu um að hækkanir 1. janúar 1998 og 1. janúar 1999 komi til framkvæmda, ef það eru þær hækkanir sem stefnandi á við.

Túlka beri ákvæði um yfirvinnu miðað við mánaðarkaup skv. kjarasamningi VMSÍ frá 25. mars 1997. Samkvæmt orðanna hljóðan geti tímakaup fyrir yfirvinnu því ekki reiknast sem ákveðin prósentu af mánaðarlaunum auk álags vegna dagvinnu. Í samkomulaginu frá 23. september 1997 sé á engan hátt hróflað við hinni almennu launatöflu í kjarasamningi VMSÍ við stefnda eða samið um ný grunnlaun ræstitækna (mánaðarlaun), heldur séu launin auk álagsins einungis reiknuð út og birt. Hvergi í samkomulaginu sé fjallað um yfirvinnu heldur einungis reiknað út hver mánaðarlaun séu að viðbættu álagi á dagvinnu. Sá útreikningur og birting fjárhæða hefði í raun ekki verið nauðsynlegur.

Samkomulagið sem undirritað var 23. september 1997 hafi ekki komið til af þeirri ástæðu að verið væri að hrófla við útreikningi á yfirvinnu eða ákvæðum sem um yfirvinnukaup giltu. Hafi hvorugum aðila kjarasamningsins gengið það til og hafi ekki verið á málgað við stefnda áður en samkomulagið var undirritað að svo bæri að túlka hugtakið mánaðarlaun. Stefndi telur að stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir svo afbrigðilegri skýringu sem ekki eigi sér stöð í venju milli aðila kjarasamnings, ekki í orðum kjarasamninganna sjálfra eða forsögu þeirra og hugmyndum aðila þeirra við samningsgerð. Ef ætlun hefði verið að breyta ákvæðum til samræmis við túlkun stefnanda í málinu hefði sú breyting á yfirvinnukaupi verið gerð með því að það skyldi reiknast af mánaðarkaupi auk tiltekins álags. Svo hafi ekki verið gert og verði að miða við að með mánaðarlaunum í grein 1.5. í kjarasamningnum frá 25. mars 1997 sé átt við þann grunntaxta sem fram komi nú í 2. gr. (grein 1.1.1.) og jafnt yfir-

vinnukaup sé reiknað af, svo og nefnt 15% álag. Stefndi telur að samkomulagið frá 23. september 1997 beri að skýra þröngt, enda um sérsamkomulag að ræða ótengt útreikningi yfirvinnukaups.

Stefnandi kveðst byggja viðurkenningarkröfu sína á meginreglum vinnuréttar, lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur auk framangreindra kjarasamninga. Er því mótmælt með vísan til framánritaðs að þessar heimildir styðji kröfu stefnanda. Stefnandi hafi ekki bent á sérstakt ákvæði í lögum nr. 80/1938 sem styðja myndi kröfu hans. Er því eindregið mótmælt að stefndi hafi brotið gegn ákvæðum kjarasamnings.

Til stuðnings kröfu stefnda um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Niðurstaða.

Í máli þessu er um það deilt hvaða fjárhæðir leggja ber til grundvallar sem mánaðarlaun við útreikning á tímakaupi í yfirvinnu samkvæmt kjarasamningum aðila. Telur stefnandi að í þessum efnum beri að miða við launatöflu þá sem er í 2. gr. sérkjarasamnings aðila frá 23. september 1997. Stefndi telur hins vegar að við útreikning tímakaups í yfirvinnu beri að byggja á mánaðarkaupi, eins og það er tilgreint í launatöflu í grein 1.1.1. í kjarasamningi frá 25. mars 1997 milli fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs annars vegar og Verkamannasambands Íslands vegna aðildarféлага þess hins vegar, enda hafi birting launatöflu í 2. gr. sérkjarasamningsins einungis verið gerð í upplýsingaskyni fyrir launamenn.

Í grein 1.5.1. í síðastgreindum kjarasamningi er fjallað um yfirvinnutímakaup og hljóðar greinin svo:

„Yfirvinna er greidd með tímakaupi. Tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki er 1,0385% af mánaðarlaunum starfsmannsins.“

Í sérkjarasamningi aðila frá 23. september 1997 er í 1. gr. fjallað um vinnutíma og vinnuskyldu. Í 2. gr. samningsins er tekið fram um mánaðarlaun og álagsgreiðslur. Greinin er svohljóðandi:

„Mánaðarlaun starfsmanns í fullu starfi er samkvæmt 2. grein kjarasamnings fjármálaráðherra og Verkamannasambands Íslands frá 25. mars 1997 auk 15% álags á dagvinnu.“

	Byrjunarlaun	eftir 1 ár	eftir 5 ár
1. flokkur	70.259	73.422	76.726
2. flokkur	73.422	76.726	80.178
3. flokkur	76.726	80.178	83.786

Röðun starfsheita í launaflokka og launaflokkahækkunar í starfi hjá sömu stofnun eru skv. 5. grein í sama samningi.

Óþægindaálag skal vera 33,33%, 45% og 90% af 2. launaflokki 2. þrepi.

Pegar fastur vinnutími fellur að hluta eða öllu leyti á tímabilið frá kl. 17.00 til 24.00 mánudaga til föstudaga skal greiða þá vinnu með 33,33% óþægindaálag.

Falli slík vinna sem að ofan greinir á tímabilið frá kl. 00.00 til 08.00, svo og á laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga aðra en stórhátíðardaga greiðist sú vinna með 45% óþægindaálagi.

Á stórhátíðum greiðist 90% óþægindaálag.“

Í 3. gr. sérkjarasamningsins er tekið fram að „um önnur ákvæði en hér að framan eru sérstaklega fram tekin, gildir hinn almenni kjarasamningur fjármálaráðherra og VMSÍ frá 25. mars 1997.“ Í 4. gr. sérkjarasamningsins er síðan fjallað um gildistíma hans sem er tiltekinn frá 1. ágúst 1997 til 28. febrúar 1998. Óumdeilt er að samkomulag þetta er gildandi milli aðila.

Eins og að framan greinir eru mánaðarlaun samkvæmt tilgreindum launaflokkum í kjarasamningnum frá 25. mars 1997 tekin upp í 2. gr. sérkjarasamningsins og útfærð þar tölulega að viðbættu 15% álagi á dagvinnu í sérstakri launatöflu. Fram hefur komið að álagi því, sem hér um ræðir, var ætlað að mæta auknu vinnuálagi sem talið var leiða af breyttu vinnufyrirkomulagi sem fólst í því að svo nefndar dagræstingar voru teknar upp.

Pegar litið er til framsetningar mánaðarlauna í 2. gr. sérkjarasamnings aðila, og þá sérstaklega að þar eru mánaðarlaun leidd fram í sérstakri launatöflu, og jafnframt horft til þess sem býr að baki umræddu 15% álagi á dagvinnu samkvæmt framansögðu, þykir frekast bera að túlka kjarasamninga aðila svo að launafjárhæðir samkvæmt 2. gr. sérkjarasamningsins beri að leggja til grundvallar sem mánaðarlaun við ákvörðun tímakaups í yfirvinnu samkvæmt grein 1.5.1. í kjarasamningnum frá 25. mars 1997, enda er ekki sérstaklega tekið fram um annað. Af hálfu stefnda hefur ekki verið

sýnt fram á neina þá framkvæmd er breytt geti þessari niðurstöðu. Að þessu virtu og þar sem fyrir liggur að stefndi gekk sjálfur frá umræddum sérkjarasamningi þykir rétt að taka kröfu stefnanda til greina.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 150.000 kr. í málskostnað og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Viðurkennt er að stefnda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, beri að greiða ræstitæknum sem starfa í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ yfirvinnulaun er nemi 1.0385% af umsömdum mánaðarlaunum eins og þau eru birt í sérkjarasamningi aðila frá 23. september 1997.

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnanda Alþýðusambandi Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar, 150.000 kr. í málskostnað.
